



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 30. maí 2013

1207004SA AGB  
Málalykill: 070

### Efni: Nýsköpunarráðstefna og nýsköpunarverðlaun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu 2013

Nýsköpunarverðlaunin í opinberri þjónustu og stjórnsýslu verða veitt í þriðja skipti 29. janúar 2014 á Grand hótelri í Reykjavík. Samband íslenskra sveitarfélaga gekk á síðasta ári til samstarfs við fjármálaráðuneytið og fleiri aðila um þátttöku sveitarfélaga í verkefninu. Því eru allar ríkisstofnanir og sveitarfélög gjaldgeng til að taka þátt og tilnefna verkefni til nýsköpunarverðlauna.

Rétt þykir að senda þessa fyrstu kynningu með góðum fyrirvara til að sveitarfélög geti byrjað að velta fyrir sér tilnefningum en í september verða nánari upplýsingar sendar og óskað eftir formlegum tilnefningum. Gert er ráð fyrir að frestur til að leggja þær fram verði til 1. nóvember.

Á árinu 2012 bárust 12 sveitarfélagatilnefningar, allt frá Skorradalshreppi til Reykjavíkurborgar, um 24 nýsköpunarverkefni. Akureyrarkaupstaður og Reykjavíkurborg hlutu viðurkenningar. Upplýsingar um verkefnin og frekari upplýsingar um nýsköpun í opinberum rekstri má nálgast á vefsíðunni [www.nyskopunarvefur.is](http://www.nyskopunarvefur.is).

Nýsköpun í opinberum rekstri er mjög þýðingarmikil, vegna umfangs ríkis og sveitarfélaga og eðli verkefna þeirra sem unnin eru í almannabágu. Við núverandi efnahagsráðuneytisins er aukin þörf fyrir nýsköpun á sem flestum svíðum. Það felur í sér nýjar lausnir eða verulegar endurbætur á eldri lausnum sem beinast að vörum, þjónustu, tækni, aðferðum, skipulagi, gildum, verklagi og verkferlum.

Að ráðstefnunni og verðlaununum standa, auk sambandsins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Félag forstöðumanna ríkisstofnana, Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Rannís.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri

Samrit: Landhlutasamtök sveitarfélaga

Hafnarfjarðarbær	
Innk:	3.6.2013
Málsnr:	1306016
Bréfsl:	383